IX. 9

Gjöf Jóns Sigurðssonar til Vallnahrepps fardagaárið 1877—78.

Tekjur.

1.	Sjóður í fardögum 1877:			
	a. Jörðin Ytri Villingadalur 14,0 hundruð, virt á . .	990 kr. » a.		
	b. — Merkigil 14,0 — — - - .	1000 — » -		
	c. — ½ Gloppa 5,75 — — - - .	320 — » -	2310	»
2.	Leigur haustið 1877 eptir 4¼ kúgildi reiknaðar eptir verðlagsskránni 1877—78:			
	85 meðalálnir á 54 aura		45	90
3.	Landskuldir til fardaga 1878 reiknaðar eptir verðlagsskránni 1878—79:			
	194 meðalálnir á 54 aura		104	76
		Samtals	2460	66

Gjöld.

1.	Umboðslaun 1/6 jarðargjaldanna	25	11
2.	Borgað til Vallnahreppsfátækrasjóðs	125	55
3.	Sjóður í fardögum 1878 eptir 1. tekjugrein	2310	»
	Samtals	2460	66

X. 10

Styrktarsjóður fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað árið 1878.

Tekjur.

1.	Sjóður við árslok 1877:			
	a. Í konunglegum skuldabrjefum með 4% vöxtum .	1288 kr. 45½		
	b. - —— —— — 3½% — . .	564 — 22½		
	c. - —— —— — 3% — . .	200 — »		
	d. - peningum	120 — 97	2173	65
2.	Vextir af innstæðunni til 11. júní 1878		77	29
	Gjafahirzlan hefir ekki verið opnuð árið 1878.			
		Samtals	2250	94

Gjöld.

1.	Styrkur veittur 4 ekkjum	70	»
2.	Sjóður við árslok 1878:		
	a. Í konunglegum skuldabrjefum eptir tekjugr. a—c .	2052 kr. 68 a.	
	b. - peningum	128 — 26 -	2180	94
		Samtals	2250	94

XI. 11

Gjald til búnaðarskóla í norður- og austurumdæminu 1878.

Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1877:

	a. Lánað mót veði í fasteign og 4% vöxtum . .	5900 kr. » a.		
	b. Í peningum	376 — 54 -	6276	54
2.	Endurborgað af lánum einstakra manna 18/6 78		100	»
3.	Vextir til 11. júní 1878:			
	a. af sjóðnum 1. a. í fyrra árs reikningi 405 kr. .	162 — » -		
	b. — því, sem lánað er á árinu 1877 1850 kr. .	64 — 53 -	226	53
4.	Búnaðarskólagjald vorið 1878:			
	a. af Húnavatnssýslu	225 — 29 -		
	b. — Skagafjarðarsýslu	239 — 62 -		
	c. — Eyjafjarðarsýslu	247 — 31 -		
	d. — Þingeyjarsýslu	219 — 77 -		
	e. — Norðurmúlasýslu	128 — 37 -		
	f. — Suðurmúlasýslu	120 — 81 -	1181	17
		Samtals	7784	24

	Gjöld.		Kr.	A.
1.	Hjer færist til jafnaðar endurborgað lán sjá tekjugrein 2		100	»
2.	Sjóður við árslok 1878;			
	a. lánað mót veði í fasteign og 4 % vöxtum	5800 kr. » a.		
	b. lánað á árinu 1878:			
	Kristjáni Hall á Borðeyri 1/3 78 . . . . . 200 kr.			
	Tryggva Ólafssyni á Gilsá 15/7 78 . . . . 200 —			
	Magnúsi Jónssyni gullsmið á Akureyri 19/8 78 400 —			
	Ólafi Ólafssyni á Minniökrum 11/9 78 . . . 400 —	1200 — » -		
	c. Í peningum	684 — 24 -	7684	24
		Samtals	7784	24

EMBÆTTASKIPUN.

2. dag febrúarmánaðar skipaði landshöfðingi prestinn að Hjaltabakka sira Pál Sigurðsson til þess að vera prest Gaulverjabæjar og Villingaholts safnaða í Árnes prófastsdæmi.

ÓVEITT EMBÆTTI

a, er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

1, Embættið sem fyrsti kennari og forstöðumaður við gagnfræðaskóla þann, er samkvæmt lögum frá 7. nóvbr. hefir verið byggður á Möðruvöllum í Hörgárdal. Embætti þessu, sem veitt verður frá 1. septbr. þ. á., eru lögð 3000 kr. árslaun og leigulaus bústaður í skólanum.

2, Embættið sem annar kennari við nefndan skóla þessu embætti, sem veitt verður frá 1. oktbr. þ. á. eru lögð 2000 kr. árslaun. Þess skal getið, að kennarinn mun geta fengið 2 herbergi til íbúðar í skólanum, gegn því að gjalda eptir þau leigu þá, er landshöfðingi ákveður.

Sœki aðrir en Íslendingar um embætti þessi, verða þeir að láta bónarbrjefum sínum fylgja tilheyrilegt vottorð um kunnáttu sína í íslenzkri tungu samkvæmt konungsúrskurðum 8. apríl 1844, 27. marz 1857 og 8. febrúar 1863.

Auglýst 12. janúar 1880.

Bónarbrjefin eiga að vera komin 25. maí 1880.

b, er landshöfðingi veitir.

Hjaltabakka prestakall í Húnavatns prófastsdœmi, metið 348 kr. 79 a., auglýst 4. febrúar.

Frá 1. október þ. á. mun verða settur kennari í dráttlist og verklegri og bóklegri búfrœði við gagnfrœðaskólann á Möðruvöllum, hefir hann að launum 800 kr. á ári og nýtur þess utan, meðan hann er kennari við skólann, afgjalds af heimajörðunni Möðruvöllum. Bónarbrjef eiga að vera komin fyrir júnímánaðarlok þ. á.